

## Efni : Sundþing 2021- fyrra fundarboð

### Ágætu félagar

Sundþing verður haldið í Reykjavík þann 1.júní 2021, í húsakynnum ÍSÍ við Engjaveg.

Dagskrá verður send út síðar en áætluð tímasetning þingsins er frá kl 16:00, þriðjudaginn 1. Júní.

SSÍ áskilur sér rétt til breyta þingstað og/eða fyrirkomulagi sundþings ef takmarkanir í reglugerð heilbrigðisráðherra heimila ekki áætlaðan heildarfjölda þingfulltrúa og gesta. SSÍ mun einnig gefa kost á því að sitja þingið rafrænt.

### Á sundþingi eiga fulltrúar sæti í samræmi við lög SSÍ:

- 1) Einn fulltrúi héraðssambands eða íþróttabandalags (1 frá hverju)
- 2) Fulltrúar félaga í samræmi við iðkenda fjölda (2 fulltrúar fyrir fyrstu 30 iðkendur félags og 1 fyrir hverja 30 eða brot úr þeirri tölu eftir það)
- 3) Fulltrúar félaga vegna keppenda (1 fulltrúi fyrir hverja 50 keppendur félags eða brot úr þeirri tölu)

Framkvæmdastjóri sendir félögum og héraðssamböndum/íþróttabandalögum tilkynningu um fjölda hvers aðila fyrir sig og óskar eftir nafnalista frá þessum aðilum ekki síðar en tveimur vikum fyrir sundþing.

Félag þarf að hafa gert upp þjónustugjöld fyrir árið 2020 til að öðlast þátttökurétt á Sundþing.


**Málefni og tillögur sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á sundþingi, skulu hafa borist framkvæmdastjóra SSÍ á [ingibjorga@iceswim.is](mailto:ingibjorga@iceswim.is) fyrir 31.mars n.k.**

**Þetta er gert til að hægt sé að hefja umræðu og vinnu í kringum tillögurnar í tíma fyrir þingið.**

Á þinginu verður kosið til formanns og fjögurra meðstjórnenda. Þess ber að geta að núverandi formaður og núverandi stjórn gefur öll kost á sér til endurkjörs.

Framboðsfresti til stjórnar lýkur 4 vikum fyrir þing, eða 4.maí n.k.

Fyrir hönd stjórnar SSÍ



Ingibjörg H Arnardóttir

Framkvæmdastjóri SSÍ